



---

## Erindisbréf nefndar um framtíðarskipulag á Torfnesi

Á 430. fundi bæjarstjórnar, þann 24. janúar 2019, var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Bæjarstjórn samþykkir að settur verði á laggirnar starfshópur fyrir framtíðarskipulagningu íþróttamannvirkja á Torfnesi. Bæjarstjórn felur bæjarráði að gera tillögu að erindisbréfi og tilnefningum fulltrúa fyrir bæjarstjórn.“

Á fundi undirritaðrar með formanni bæjarráðs í maí 2020 var óskað eftir að undirrituð myndi vinna drög að ofangreindu erindisbréfi, til framlagningar fyrir bæjarráð.

Í samræmi við E lið 47. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar getur bæjarstjórn kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum og útbýr bæjarstjórn erindisbréf fyrir nefndina þar sem hlutverk og staða hennar er skilgreint.

Varðandi verkefni nefndarinnar er ýmiss vinna hafin, og má finna mismunandi tillögur, þarfagreiningar og útfærslur undir nokkum málsnúmerum í skjalavörslukerfi sveitarfélagsins, s.s.:

- 2018010005 (viðbygging við Íþróttahúsið Torfnesi)
- 2017030092 (Torfnes – nýtt deiliskipulag)
- 2015020087 (framtíðarskipulag íþróttamannvirkja á Ísafirði)
- 2013100044 (Íþróttamiðstöð á Torfnesi – frumathugun) í skjalavörslukerfi sveitarfélagsins.

E.t.v. er hægt að horfa að einhverju leyti til þessa við undirbúning verkefna nefndarinnar.